

L Ö G**um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt,
með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
16. Rekaviður.

2. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
12. Vinnsla á rekavið unnin af eiganda eða réttihafa rekans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða álagðan söluskatt árin 1975 til 1978 að báðum árum meðtöldum á unninn rekavið til eiganda eða réttihafa rekans ef hann færir sönnur á að kaupandi hafi ekki greitt söluskatt.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.